

FRÁ ÆSKULÝÐSNEFND

Æskulýðsnefndin heldur uppteknum hætti og býður yngstu kynslóðinni í Sörla upp á skemmtilega dagskrá í vetur, auk þess sem við höldum utan um knapamerkjakennslu fyrir krakka 12 ára og eldri. Sú nýbreytni var gerð nú í upphafi vetrar að í stað þess að póstsenda fréttabréf Æskulýðsnefndar var það sent á netfangalistann okkar og er það einnig aðgengilegt á heimasíðu Sörla. Nefndin hvetur þá sem ekki fengu tölvupóst frá okkur í vetur en hafa áhuga á að fá sendan póst til að gefa sig fram á netfangið thelma@internet.is. Allir viðburðir á vegum nefndarinnar eru jafnframt í vetrardagskránni og eru auglýstir á sorli.is.

FLOKKASKIPTING Á VETRARMÓTUM SÖRLA

Við í mótanefndinni höfum fundið fyrir óánægju keppenda með flokkaskiptingar sem hafa verið á vetrarmótaröðinni hjá okkur. Yngri flokkar eru í föstum skorðum og ekkert þar sem hægt er að breyta en hjá eldri knöpum taka nokkrir flokkar við. Ef þú ert orðinn fimmtugur er flokkur sem heitir 50+ eða Heldrimannaflokkur sem hefur notið vinsælda og mun halda áfram óbreyttur. Við höfum svo boðið upp á 3. flokk sem blandaður hefur verið konum og körlum og eru fyrir þá sem eru ekkert eða lítið keppnisvanir. 2. flokkur er kynjaskiptur og er fyrir þá sem eru lengra komnir á keppnisvellingum. Að lokum er svo hægt að fara í 1. flokk þar sem reynsluboltar og atvinnumenn raða sér. Gagnrýnin sem við höfum fengið er sú að þeir sem fara úr 3. flokki eða minna vönum fara í 2. flokk, þar virðast þeir tynast þar sem þeir eru nú farnir að keppa við reynslumikla keppnisknapa. Við höfum orðið vör við að margir sem voru með brennandi áhuga og byrjuðu í 3. flokki hafa misst áhugann og vilja ekki eða treysta sér ekki til að keppa í 2. flokki en hafa keppt í einhver ár og því færst um flokk. Þetta er nú nokkuð stór hópur og viljum við sporna við því að félagar okkar hætti að keppa og viljum vera hvetjandi fyrir keppendur á öllum stigum. Höfum við því ákveðið að breyta flokkaskiptingunni þannig:

- Yngri flokkar og Heldrimannaflokkur haldast óbreyttir
- 3. flokkur (ekkert eða lítið keppnisvanir)
- 2. flokkur (keppnisvanir)
- 1. flokkur (mikið keppnisvanir)
- Opinn flokkur (atvinnumenn, mjög mikið keppnisvanir)

Með þessu teljum við okkur vera að koma til móts við alla keppendur hjá okkur í Sörla. Taka skal fram að nú eru allir flokkar blandaðir, þ.e.a.s konur og karlar keppa saman. Kynningarfundur mótanefndar verður í laugardagskaffi í janúar.

*Magnús Sigurjónsson,
formaður mótanefndar*

SÖRLI fréttabréf desember 2010 - Útgefið af Hestamannafélaginu Sörla
pósthólf 65 Hafnarfirði | sími 565 2919 | gsm 897 2919 | fax 555 4530 | www.sorli.is | sorli@sorli.is
Ábyrgðarmaður: Björn Bjarnason | sími 892 3490 | bjorn@fedgar.is
Ritstjóri: Margrét Friðriksdóttir | sími 861 6021 | vefstjori@sorli.is



FRÉTTABRÉF SÖRLA

Desember 2010

STJÓRN SÖRLA SENDIR ÖLLUM FÉLAGSMÖNNUM ÓSKIR UM

Gledilega hátíð



Vinir. Ljósmynd Valdimar Jónsson

SKÖTUVEISLA - JÓLABALL OG GAMLÁRSDAGSREIÐTÚR Í DESEMBER

Skötu- og saltfiskveisla verður haldin á Sörlastöðum laugardaginn 18. desember. kl. 12:00–14:00. Félagsmenn eru hvattir til að fjölmenna og gæða sér á góðmetinu.

Æskulýðsnefnd stendur fyrir árlegu jólaballi miðvikudaginn. 30. des. kl. 18:00–20:00 á Sörlastöðum. Allir Sörlakrakkar, foreldrar, afar og ömmur eru hvött til að mæta og taka þátt. Veitingar verða í boði að vanda og rauðklæddir gestir líta inn.

Gamlársdagsreiðtúrin verður samkvæmt hefð á vegum ferðanefndar kl. 13:30 á gamlárstag en þá hittast félagarnir í fyrstu samreið vetrarins, kveðja gamla árið og búa sig undir að fagna því nýja. Safnast verður saman við suðurgöfl Sörlastaða og riðið um nágrennið. Þetta er ómissandi reiðtúr í hugum margra og félagarnir fjölmenna að vanda. Fylgist nánar með á sorli.is

FRÁ STJÓRN

Nú er líf farið að færast í hesthúsahverfin og þeim fjölgar með degi hverjum sem búnir eru að taka hesta sína á hús. Nýkjörin stjórn félagsins hefur ásamt formönnum nefnda unnið að því að koma saman vetrardagskrá sem fylgir með fréttabréfinu. Það er margt í boði að venju og hvetjum við félagsmenn til að skoða dagskrána vel og taka þátt í fjölbreyttu félagslífi Sörla. Allar dagsetningar geta breyst frá útgefni dagskrá, við bendum því á að menn fylgist reglulega með á vef félagsins sorli.is en þar er ávallt nýjustu fréttir að finna um starfsemi félagsins. Stjórnin mun halda áfram að bregðast við kreppu og hestaveiki með því að efla félagsstarfið eins og kostur er og reiknar að sjálfsögðu með góðri og almennri þátttöku félagsmanna.

AÐALFUNDARFRÉTTIR

Aðalfundur Sörla var haldinn 14. október. Ágætt mæting var á fundinn. Björn Bjarnason var klappaður áfram í formannsembættið.

Sú breyting varð á stjórn félagsins að Páll Ólafsson lét af stjórnarstörfum en inn kom Valka Jónsdóttir.

Íþróttamaður Sörla 2010 er Eyjólfur Þorsteinsson og er hann vel að titlinum kominn. Hann varð tvöfaldur Íslandsmeistari, bæði samanlagður fjörgangs- og fimmgagnssigurvegari. Kristín María Jónsdóttir var valin íþróttakona Sörla. Kristín María gerði það gott á vellinum hér heima, raðaði sér í þrjú efstu sætin á Landsbankamótum vetrarins ásamt því að vera samanlagður sigurvegari mótaraðarinnar og það með þó nokkrum yfirburðum.

Nefndabíkarinn eftirsóttu hlaut Framkvæmdanefnd Íslandsmóts. Nefndin vann frábært starf á árinu sem skilaði okkur Íslandsmóti í ágúst sem við Sörlafélagar getum verið ákaflega stolt af. Þá var kynbótabíkarinn afhentur af Lávarðadeildinni, hann hlaut Már frá Feti sem hlaut 8,34 í aðaleinkunn. Eigandi er Hrossaræktarúíð Fet en Karl Wernersson veitti bikarnum viðtöku.

Kynbótanefndin afhenti svo bikar sem er veittur fyrir hæst dæmda hross sem ræktað er af félagi á Sörla. Bíkarinn hlaut að þessu sinni Jón Benjamínsson fyrir Blysfara frá Fremra-hálsi með einkunnina 8,31. Ítarlega fundargerð aðalfundar má finna á sorli.wis.

SKEIÐARINN

Nú lýkur senn ári sem er einstakt í hestamenskunni. Það hefur einkennst af erfiðleikum, veikindum hesta, mót frestuðust, hestaferðum var aflýst og svo gaus jökullinn. Þetta er eitthvað sem við viljum helst ekki upplifa aftur. Það mætti halda af framantöldu að allt væri litad öðrum litum í hestamenskunni sem og í hestamannafélögum – en þannig er það alls ekki.

Það er mjög ánægjulegt að sjá og finna kraftinn, hvað hestamenn eru ákveðnir í að láta áföllin ekki hafa neikvæð áhrif á hestamenskuna. Sumarið endaði með frábæru Íslandsmóti sem er okkur Sörlamönnum til sóma og eins og meðfylgjandi vetrardagskrá sýnir er kraftur í starfinu sem aldrei fyrr, margir nýir viðburðir og aðrir sem eru orðnir „klassískir“.

Mig langar að minnast á hestaviku sem áætluð er í lok mars og byrjun apríl. Þetta er frábært dæmi um kraftinn og nú þurfum við Sörlamenn að undirbúa okkur mjög vel og mæta öflug til leiks. Mótahald verður öflugra en nokkru sinni, nýjar flokkaskiptingar eru kynntar í þessu blaði, æskulýðsstarfið er frábært o.fl. o.fl. Félagsstarfið er í raun í miklum blóma.

Annað sem vert er að minnast á er Framtíðarnefnd Sörla sem kynnt er lauslega hér í blaðinu. Þetta er tækifæri fyrir okkur öll til að koma hugmyndum okkar og framtíðarsýn á framfæri. Hvert viljum við að stefnt sé, varðandi alla þætti hestaíþróttarinnar í sinni víðustu mynd? Stjórnin vill af heilum hug, og djúpu þakklæti, þakka öllum fyrir samstöðuna og þann góða anda sem einkennir allt starf í Sörla. Óska ég öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Siggi Ævars

FRAMTÍÐARNEFND SÖRLA

Á síðasta aðalfundi lagði Siggi Ævars það til að stofnuð yrði framtíðarnefnd innan félagsins. Nefndin er skipuð til eins árs og er ekki ein af fastanefndum félagsins. Nefndin mun halda áfram stefnumótunarvinnu félagsins og koma fram með hugmyndir og tillögur að starfsemi næstu ára. Líta á til allra þátta félagsstarfsins í þessu efni og draga upp mynd af því hvernig við viljum að hestamannafélagið Sörla verði eftir 10–20 ár. Við starfið mun verða litið til annarra hestamanna- og íþróttafélaga. Mikilvægt er að fá félagsmenn til að taka þátt í þessari vinnu. Starf nefndarinnar verður því opið og munum við hittast í morgunkaffi á völdum laugardögum í vetur. Þetta er kjörið tækifæri til að taka þátt í félagsstarfinu en allir, ungir og eldri, nýir félagar og gamlir eru hvattir til að mæta. Fylgist með á vefnum.

Darri Gunnarsson

FRÆÐSLUNEFND LEGGUR UPP MEÐ GLÆSILEGA DAGSKRÁ

Fræðslunefnd býður upp á fjölbreytta fræðslu í vetur en fundir og sýnikennsla er dagsett í dagskránni sem er meðfylgjandi.

Reiðnámskeiðin hefjast í ársbyrjun og boðið verður upp á námskeið fyrir breiðan hóp reiðmanna. Hinn kunnir reiðkennari Sigrún Sigurðardóttir mun kenna á almennum námskeiðum á laugardagsmorgnum og mun einnig sjá um knapamerkjánámskeið ef næg þátttaka fæst. Almennu námskeiðin munu hefjast í byrjun janúar en knapamerkin í mars. Erlingur Erlingsson verður með reiðnámskeið annan hvern fimmtudag þar sem farið verður mikið í að byggja upp rétta yfirlínu og er gott að nemendur séu meðvitaðir um það. Sigurður Sigurðarson mun einnig halda reiðnámskeið annan hvern fimmtudag sem er hugsað sem keppnisnámskeið. Bæði þessi námskeið eru byggð upp á 40 mínútna kennslustundum og verður hvert skipti 2 kennslustundir. Námskeiðin munu standa yfir í 3 mánuði og eru hugsuð fyrir metnaðarfulla knapa sem vilja leggja á sig mikla vinnu með sínum hesti á milli kennslutíma. Í byrjun mars munum við einnig halda almenn reiðnámskeið sem verða kynnt síðar. Skuldlausir félagsmenn Sörla hafa forgang að námskeiðum fræðslunefndar.